

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands nr. 703/2010 fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Hér með tilkynnist að velferðarráðherra hefur staðfest meðfylgjandi breytingu á 8. gr. gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands nr. 703/2010 fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Breytingin gildir til 31. desember 2011, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 698/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar.

Velferðarráðuneytinu, 7. september 2011.

Guðbjartur Hannesson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal.

Breyting á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr. gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sbr. auglýsingu nr. 703/2010, með síðari breytingu:

Í stað orðanna „30. júní 2011“ kemur: 31. desember 2011.

Sjúkratryggingum Íslands, 5. september 2011.

Kristján Guðjónsson.

Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir.